

FUNDARGERÐ

Fimmtudaginn 26. apríl 2012 kl. 11:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til símafundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhóls götu 7 Reykjavík.

Í fjárfundarsambandi voru nefndarmennirnir Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tómasson, Þórunn Egilsdóttir og Bjarni Jónsson. Guðmundur Bjarnason formaður sat fundinn ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni.

Guðmundur Bjarnason, formaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár þar sem frá var horfið á fundi nefndarinnar frá 20. apríl sl.

ENDURSKOÐUÐ DRÖG AÐ NÝRRI REGLUGERÐ vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012

Lögð voru fram til kynningar og afgreiðslu drög að nýrri reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012.

Helstu breytingar sem fram koma í nýrri reglugerð eru eftirfarandi:

- Mæling á útgjaldabörf þjónustusvæða og einstakra sveitarfélaga tekur á árinu 2012 ekki eingöngu mið af framreiknuðum rekstrarkostnaði ársins 2010 eins og gert var á grundvelli reglugerðar fyrir árið 2011. Í 3. gr. nýrrar reglugerðar er kveðið á um að við mælingu á útgjaldabörf skuli einnig tekið mið af greiningu á fylgni flokka stuðningsþarfar (SIS mat) og kostnaðar á einstakling. Vægi SIS matsins í útreikningi framlaga ársins nemur 26,67%. Jafnframt skal taka mið af kostnaði vegna biðlista og áætluðum útsvarstofni sveitarfélaga 2012.
- Þá er í nýrri reglugerð gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði Sambandi íslenskra sveitarfélaga framlag að fjárhæð rúmlega 12,0 m.kr. á grundvelli breytingakostnaðar vegna kostnaðar sambandsins við verkefni er tengjast þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk.

Engar athugasemdir komu fram hjá ráðgjafarnefndinni hvað drög að nýrri reglugerð varðar. Með tilvísun til þess verða drögin send Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

ALMENN FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Endurskoðuð tillaga að úthlutun framlaga 2012

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna fatlaðs fólks á árinu 2012. Frá því að síðasta áætlun var birt í mars liggja nú fyrir niðurstöður hvað SIS mat einstaklinga varðar sem voru á biðlista og þeirra einstaklinga sem þurfti að endurmeta. Áætluð útgjaldabörf er samtals 12.061,4 m.kr., þar af eru áætlaðar útsvarstekjur 2.402,0 m.kr. og framlög úr Jöfnunarsjóði 9.659,4 m.kr.

Beiðni um endurskoðun á úthlutun framlaga 2011

Framlög til Vestfjarða árið 2011

Lagt var fram til kynningar bréf frá Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, dags. 15. mars 2012, vegna rekstrar málefna fatlaðs fólks á Vestfjörðum samkvæmt niðurstöðu fundar með BsVest og stafsmanni Jöfnunarsjóðs sem var haldinn 6. mars 2012. Í bréfinu kemur fram að gert hafi verið ráð fyrir að málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum fengi 230,0 m.kr. til rekstrar á árinu 2011. Það var strax ljóst að hálfu sveitarfélaganna að þessi fjármunir nægðu ekki fyrir þeirri þjónustu sem sveitarfélögin tóku við af Svæðisskrifstofu Vestfjarða. Einnig kom í ljós að Svæðisskrifstofa Vestfjarða hafði haft um 16,0 m.kr. meira fé til ráðstöfunar á árinu 2010 en gert var ráð fyrir að Byggðasamlag Vestfjarða hefði til ráðstöfunar á árinu 2011. BsVest telur að ekki hafi verið tekið tillit til réttra forsendna við ákvörðun framlaga inn á svæðið á árinu 2011.

Við endurskoðun á útreikningi framlaga kemur í ljós að ekki hafði verið tekið tillit til úthlutaðra framlaga til Svæðisskrifstofu Vestfjarða á árinu 2010 sem nam 246,4 m.kr. heldur tekið mið af

kostnaðargreiningu að fjárhæð 230,1 m.kr. Með tilvísun til þess að ekki var tekið mið af réttum forsendum við útreikning framlaga ársins 2011 var framlagið til Bygðasamlags um málefni fatlaðra á Vestfjörðum 14,5 m.kr. lægra en það hefði átt að vera.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu erindisins væri frestað og málin skoðuð betur á milli funda.

Sveitarfélagið Árborg vegna sambýlisins Breiðabólstaðar.

Lagt var fram til kynningar minnisblað framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 18. apríl 2012 vegna reksturs sambýlisins Breiðabólstaðar í Ölfusi. Í minnisblaðinu kemur fram að sjónarmið sem tengjast öryggisgæslu íbúa sambýlisins hafi orðið útundan við útteilingu fjármuna til sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Framkvæmdastjórinn telur stöðuna grafalvarlega og taka verði fullt tillit til almannaöryggis og mæta þurfi sjónarmiðum rekstraraðila Breiðabólstaðar um aukin fjárframlög.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að taka málefni Breiðabólstaðar til frekari skoðunar á næsta fundi nefndarinnar.

BREYTINGAKOSTNAÐUR

Endurskoðuð umsókn frá NPA-miðstöðinni

Á fundi ráðgjafarnefndar 16. mars sl. var lögð fram til umfjöllunar umsókn frá NPA miðstöðinni um framlag úr Jöfnunarsjóði á grundvelli breytingakostnaðar vegna yfirfærslunnar, samtals að fjárhæð 42,8 m.kr. til þróunar á starfsemi miðstöðvarinnar á árinu 2012.

Fram kom á fundinum að fyrir lægi endurskoðuð umsókn sem myndi berast sjóðnum innan tíðar. Með tilvísun til þessa samþykkti nefndin að fresta afgreiðslu fyrirbyggjandi umsóknar og óska jafnframt eftir ársreikningum NPA miðstöðvarinnar sem lægju fyrir.

Í endurskoðaðri umsókn NPA miðstöðvarinnar, sem lögð var fram á fundinum, er sótt um framlag að fjárhæð 21,7 m.kr. til þróunar á starfsemi miðstöðvarinnar og til að veita umfangsmikla fræðslu og ráðgjöf sem er nauðsynleg vegna samninga um NPA sem gerðir verða á tímabilinu 1. apríl – 1. október 2012. Ráð er fyrir því gert að NPA miðstöðin fái ákveðna hlutdeild í gerðum samningum um NPA og að rekstur miðstöðvarinnar verði sjálfbær þegar líða tekur á árið.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að farið yrði betur yfir umsókn NPA miðstöðvarinnar og stefnt yrði að afgreiðslu hennar á næsta fundi nefndarinnar.

FASTEIGNASJÓÐUR JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA

Sala eigna – staða mála

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir sölu fasteigna, sem Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur umráðarétt yfir, til sveitarfélaga eða tengdra aðila. Nokkuð hefur tafið fyrir frágangi á sölu að þinglýsingar hafa ekki verið eins og þær hefðu átt að vera sérstaklega hvað lóðasamninga varðar. Sala fasteigna og leiga er að öðru leyti á áætlun.

ÖNNUR MÁL

Undirbúningur að yfirfærslu á málefnum aldraðra – aðkoma Jöfnunarsjóðs

Lagt var fram til kynningar minnisblað um tilfærslu öldrunarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga. Þar kemur fram að samkvæmt samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hafi velferðarráðherra skipað nefnd um flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Hlutverk nefndarinnar sé að fjalla um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði málefna aldraðra. Skilgreind hafa verið 10 meginverkefni sem vinna þarf að við undirbúning tilfærslunnar.

Þóknun til fulltrúa í ráðgjafarnefnd

Lagt var fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. apríl 2012, þar sem farið er fram á leiðréttingu á þóknunarfjárhæð til fulltrúa sveitarfélaga í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Eftir fund formanns ráðgjafarnefndar með ráðherra liggur nú fyrir sú ákvörðun ráðuneytisins að greiðsla þóknunar fyrir störf fulltrúa sambandsins í ráðgjafarnefnd verði hækkuð úr 14 einingum í 21 einingu á mánuði frá og með 1. janúar sl.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 12:00.

Næsti fundur verður í byrjun júní og verður hann boðaður sérstaklega.

Halldór V. Kristjánsson